

Kirkjuþing 2022-2023

55. mál - þskj. 89

T I L L A G A

til þingsályktunar um stjórnsýslulegar ákvarðanir biskups Íslands.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Óskari Magnússyni.

Frsm. Óskar Magnússon.

Kirkjuþing ályktar að fela vígslubiskupum allar stjórnsýslulegar ákvarðanir biskupsembættisins sem lögfylgjur kunna að hafa þar til nýr biskup hefur tekið við embætti.

Greinargerð.

Nýgenginn úrskurður um tiltekið embættisverk biskups lítur að verkefni á sviði stjórnsýslu. Lagt er til að ekki sé hróflað við öðrum störfum biskups á þeim stutta tíma sem framundan er þar til nýr biskup hefur verið kjörinn. Þau störf hafa enda ekki verið til sérstakrar umfjöllunar eða sætt úrskurði.

Þjóðkirkjunni er akkur í því að biskup ljúki störfum í friði og sátt og flutningsmaður telur að með þessum hætti verði það gert með fullum sóma og þeirri virðingu sem viðeigandi er að sýna biskupi.